



Akraneskaupstaður

Hvalfjarðarsveit

B.t. Lindu Bjarkar Pálsdóttur, sveitarstjóra

Innrimel, Hvalfjarðarsveit

301 Hvalfjarðarsveit

Akranes, 12. janúar 2021

Mál 2002293 SFP/sa

Efni: Beiðni um gerð samkomulag Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um færslu sveitarfélagamarka (breytt lögsögumörk) vegna tiltekins landsskika í eigu Akraneskaupstaðar sem er í landi Hvalfjarðarsveitar.

Á árinu 2020 áttu sér stað töluverð samskipti milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar vegna tiltekins landsskika sem er í eigu Akraneskaupstaðar en er í Hvalfjarðarsveit. Akraneskaupstaður hefur að ósk Hvalfjarðarsveitar átt samtöl til við eigendur nærliggjandi lands og klárað með sérfræðingum yfirlýsingu um lögsögumörk milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar sem snerta þetta land en það er í daglegu tali kallað Grjótkelduflói og einnig Slaga. Meðfylgjandi er minnisblað um landamerki Akraneskaupstaðar austan og norðan Berjadalsár á landamerkjum og lögsögumörkum, ásamt myndkorti sem er í samæmi við það sem sérfræðingar Þjóðskrár vilja.

Akraneskaupstaður hefur í þessum samskiptum við Hvalfjarðarsveit upplýst að svæðinu er ætlað að hýsa atvinnustarfsemi og þegar lagt í nokkurn kostnað við að þróa hugmyndir til atvinnusköpunar vegna þessa. Jafnframt er vinna við endurskoðun á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar á lokametrunum sem er meðfylgjandi þessu bréfi. Fyrirséð er að umtalsverður kostnaður mun fylgja því að vinna að atvinnusköpun á þessu svæði og stendur vilji til þess hjá Akraneskaupstað að leggjast í þann þróunarkostnað fyrir eigin reikning en geta um leið fengið það til baka með tekjum af svæðinu. Svo það gangi eftir þarf landið að tilheyra sveitarfélagamörkum Akraneskaupstaðar (eða staðarmörkum milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar sbr. neðangreint).



Akraneskaupstaður

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. laga um sveitarfélög nr. 138 frá 2011, sem tilgreinir staðarmörk sveitarfélaga, getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga ef samkomulag er um slíkt milli sveitarfélaga. Til samræmis við þetta óskar bæjarstjórn Akraness eftir því við sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að samkomulag verði gert um færslu sveitarfélagamarka sbr. fylgigögn.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri